

Til viðkomandi

vegna útgafu MeginStoðar, 1. tbl. 2018



Tímarit MS-félags Íslands er MeginStoð sem gefið er út tvisvar á ári. Blaðinu

er dreift í 2.000 eintökum til félaga MS-félagsins, heilsugæslustöðva, sjúkrastofnana, læknastofa, auglýsenda og ýmissa stofnana um land allt. Að auki er blaðið gefið út rafrænt á vefsíðunni msfelag.is. Útgáfan er háð stuðningi fyrirtækja og bjóðum við fyrirtæki þínu að taka þátt í metnaðarfullu blaði með góða dreifingu, með auglýsingu eða stuðningskveðju.

Auglýsingaverð

Stærð	fjórtilit
1/1 síða:	79.000
1/2 síða:	49.000
1/4 síða:	33.000
Baksíða:	98.000
Merki (logo):	20.000
Stuðningskveðja:	10.000

Virðisaukaskattur bætist ekki við verð

1. tbl. 2018 kemur út í mars. Blaðið verður í A4 broti, 32 blaðsíður og prentað á vandaðan pappír.

Blaðið er fyrra af tveim afmælisblöðum, en MS-félagið fagnar 50 ára afmælisári. Í tilefni þess fær blaðið núna nýtt útlit og appelsínugulan lit í ár, sem er litur alþjóða MS samtakanna. Megin áherslan í efni blaðsins er að kynna starfsemi MS-félagsins og greina frá því hvar við erum stödd í baráttunni fyrir hagsumnum MS-greindra og aðstandenda þeirra en í blaðinu má lesa bæði viðtöl og greinar sem lúta að því. Að öðru efni má nefna umfjöllun um starf unga fólksins og norrænt samstarf MS-félaga. Kynning á öflugum starfi félagsins og námskeiðum sem standa félagsmönnum til boða. Sagt frá starfsemi MS Seturs og fleira.

MS er einn algengasti taugasjúkdómur ungs fólks.

MS er langvinnur bólgusjúkdómur í heila og mænu þar sem skilaboð um hreyfingu, tal eða hugsun truflast og ná illa eða ekki fram til viðeigandi líkamshluta og einkenni sjúkdómsins koma fram. Á hverju ári greinast að jafnaði um 25 manns með MS á Íslandi, oftast á aldrinum 20-40 ára.

Einkenni MS eru mjög einstaklingsbundin og geta ýmist verið tímabundin eða varanleg. Algeng MS-einkenni eru erfiðleikar við gang, dofi, sjóntruflanir, jafnvægisleysi, minni máttur, mikil þreyta, brengluð skynjun í húð, skerðing á samhæfðum hreyfingum, vöðvaspenna, spasmi, líkamlegir verkir og hugrænar breytingar, eins og erfiðleikar með minni, tal, einbeitingu og athygli.

Við vonum að fyrirtæki yðar sjái sér fært að styðja við bakið á starfsemi MS-félagsins með auglýsingu eða kveðju í blaðinu og þar með stuðla að aukinni og betri þjónustu við MS-sjúklinga.

